

Ed.

1062. Nefndarálit

[320. mál]

um frv. til laga um raforkuver.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Markmið okkar er að efla hagsæld og velferð þjóðarinnar. Til þess þarf að auka þjóðarframleiðsluna, sem er eina örugga undirstaða batnandi lífskjara hér á landi. Þetta er þeim mun brýnna að hafa í huga þar sem flestir eru sammála um að lífskjörin séu nú lakari hér á landi en í nágrannalöndunum. Greinilegt sjúkdómseinkenni er búferlaflutningur Íslendinga til annarra landa, sem við höfum orðið að horfa upp á á undanförunum árum. Staðreyndin er að það hefur dregið úr vexti þjóðarframleiðslunnar að undanförunu. Þó að fjárfestingin sé mikil, skilar hún of lítilli framleiðsluaukningu. Á sama tíma fjölgar fólki stöðugt við atvinnustörf, þannig

að eitthvað hlýtur að vera bogið við arðsemi fjárfestingarinnar eða framleiðni-
þróunina í landinu. Hér er því brýnt viðfangsefni við að fást.

Ásamt gæðum lands og sjávar eru orkulindirnar þau gæði sem okkur eru verð-
mætust. Þrátt fyrir þær miklu framfarir, sem orðið hafa á þessari öld, höfum við
ekki enn þá beislað 10% af nýtanlegri vatnsorku landsins. Augljóst er, að Íslend-
ingar eiga í orkulindum sínum stórkostleg náttúruauðæfi, sem þar að auki eru
óþrjótandi, en annars staðar í heiminum fæst meginhluti orkunnar úr lífrænu elds-
neyti, sem gengur óðum til þurrðar. Það er því höfuðatriði að nýta þessa miklu
auðlegð, sem fólgin er í orkulindum landsins, til þess að örva hagvöxtinn. Sam-
keppnisaðstaða íslenskrar vatnsorku hefur stórbatnað vegna þverrandi orku og
hækkandi orkuverðs í heiminum. Um leið fer þeim stöðugt mjög fækkandi, sem
boðið geta ódýra vatnsorku. Komið er að nýjum þáttaskilum í íslenskri hagsögu.

Það er þetta sem liggur til grundvallar umræðum um orkufrekan iðnað eða
stóriðju. Þetta ber að hafa í huga þegar metið er hve stór átök beri nú að gera í
virkjunarmálum okkar Íslendinga. Þá horfum við fram til gjaldeyrisöflunar í útflut-
ningi orkunnar í formi iðnaðarvöru og til þeirra möguleika til gjaldeyrisparnaðar,
sem geta verið fólgnir í orkulindum landsins til framleiðslu innlands eldsneytis. En
leiðin til þess er stórvirkjanir í fallvötnum landsins.

Frumvarp það, sem hér er fjallað um, verður að skoða í ljósi þess, hvernig það
má þjóna framangreindum þörfum í orkumálum landsins. Á þann mælikvarða er
frumvarp þetta léttvægt fundið. Það er ekki til þess fallið að stuðla að stórátaki
í virkjunarmálunum. Það markar enga stefnu í orkumálunum, heldur ber vott um
sýndarmennsku og vingulshátt.

Í frumvarpinu eru taldar upp nokkrar stórvirkjanir og virkjunaráfangar, sem
samtals mundu jafngilda stórátaki í virkjunum, ef til framkvæmda kæmu. En af
frumvarpinu sjálfu verður ekki séð að mikil áhersla sé lögð á framkvæmdir þær
sem þar eru taldar upp. Kemur þar margt til.

Engar afdráttarlausar heimildir er að finna í frumvarpinu til virkjunaraðila,
svo sem venja er í heimildarlögum um virkjanir. Þótt frumvarpið yrði að lögum
þarf þannig sérstakt samþykki ríkisstjórnarinnar fyrir því, að Landsvirkjun mætti
stækka Hrauneyjafossvirkjun og Sigölduvirkjun og virkja Sultartanga. Ríkisstjórnin
áskilur sér stöðvunarvald í þessum virkjunarframkvæmdum þótt Alþingi veiti
heimild til þeirra.

Svo slæmt sem frumvarpið er varðandi framkvæmdir á núverandi virkjunar-
svæði Landsvirkjunar tekur ekki betra við um þær virkjanir sem ætlaðar eru utan
þess svæðis. Þannig á ríkisstjórninni að heimilast að semja við Landsvirkjun um að
reisa og reka Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Ekkert er kveðið á um hvað ske
muni, ef þessir samningar takast ekki, rétt eins og þá ætti ekkert að verða af þessum
framkvæmdum. Svo bögglingaleg lagasmíði er að sjálfsögðu til komin vegna þess
að gefist hefur verið upp við að lögfesta hlutverk Landsvirkjunar um allt land sem
aðalorkufyrirtækis. Þetta ber vott um ráðleysi í skipulagsmálum orkuframleiðsl-
unnar.

Í frumvarpinu er ekkert sem kveður á um að undirbúningi að byggingu orku-
veranna svo og framkvæmdunum sjálfum skuli hraðað svo sem kostur er. Af því má
ætla, að hægagangur verði á öllu. Þess gerist ekki heldur þörf að fara geyst í fram-
kvæmdir, ef orkunýtingarstefnan er sú að fullnægja einungis þörfum til heimilis-
nota, húshitunar og almenns iðnaðar. Ef þetta er tilfellið er upptalning frumvarpsins
á stórvirkjunum þeim, sem þar greinir, sýndarmennskan ein.

Hins vegar er frumvarpið algerlega óraunhæft, ef ætlunin væri að reisa á 10
árum eða svo þær stórvirkjanir sem frumvarpið fjallar um. Í frumvarpinu er ekki
gert ráð fyrir stóriðju, svo sem nauðsyn er fyrir stórátaki í virkjunarmálunum.

Að svo miklu leyti sem frumvarpið markar nokkra stefnu er þar tekinn versti
kosturinn. Þar er ekki um að ræða framkvæmdir, sem er einungis sniðinn stakkur
að almennum þörfum heimilisnotkunar, húshitunar og almenns iðnaðar. Þar er ekki

heldur gert ráð fyrir stóriðju, sem er grundvöllur fyrir stórátaki í virkjunarmálum. Valinn er verstí kosturinn, sem er stórvirkjanir án nauðsynlegs orkumarkaðar, sem stóriðjan ein getur skapað. Slík stefna eða réttara sagt stefnuleysi leiðir til sjálfheldu í orkumálum þjóðarinnar.

Staðan í orkumálunum í dag blasir við þannig, að undirmál iðnaðarráðherra hindra virkjun Blöndu. Bein andstaða ráðherra við stóriðju kemur í veg fyrir Fljótsdalsvirkjun. Stjórnarsáttmálinn bannar Sultartangavirkjun. Frumvarp ríkisstjórnarinnar boðar lögfestingu á aðgerðaleyfinu. Þannig svarar þetta frumvarp ekki þeim kröfum sem til þess verður að gera, ef hugur á að fylgja máli um allt talið um hagnýtingu orkulinda landsins til að efla hagsæld og velferð þjóðarinnar.

Við í minni hluta nefndarinnar viljum freista þess að koma fram lagfæringum á frumvarpinu og berum því fram ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Ef þessar breytingar ná ekki fram að ganga, munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 25. maí 1981.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
frsm.

Egill Jónsson.

Kjartan Jóhannsson.